



1
Öll hlíðin frá miðbæ Akureyrar og suður að Skautahöll er byggð skemmtilegum húsum huldufólks. Húsin eru með steindum gluggum og það er eins og þau hafi vitund og haldist í hendur.



10
Í Krínglumýrarköppum búa jarðdvergar og í hlíðinni fyrir neðan býr huldufólk og álfar.



3
Í Lækjargili býr huldufólk báðum megin gilsins, eiginlega í gömlum íslenskum torfhúsum. Hér rýkur úr strompum og skemmtileg lykt fylgir, blanda af matarlykt og brenndum mó.



5
Í Gömlu malarnámunni upp með Glerá, búa álfar á stærð við tíu ára krakka í litríkum fótum og húsum. Sjást þeir oft úti við í leik. Ef þú vilt getur þú fengið þér sæti í hlíðinni til hlíðar, lokað augunum í smá stund og rennt vitundinni inn á við. Taktu síðan eftir þeim myndum sem birtast fyrir innri augum þínum.



2
Bænahúsin við kirkjugarðana eru eins og blómknúbbur úr gleri, sem getur opnað og lagt aftur krónublöð sín. Sálir þeirra sem flytja af jörðinni bíða þar meðan jarðlíkaminn bíður greftrunar. Svona húsin eru á þremur stöðum við Akureyri, - við Akureyrarkirkjugarð og Lögmannshliðarkirkjugarð, og loks er eitt bænahús líkt þessu rétt ofan við bæinn. Það hús er ætlað álfum og huldukylni.



9
Nyrst í Kotárgerði býr huldufólk, það er notalegt og hjálpsamt við mannfólkið.



Grasálfar eru örsmáir og skemmtileg er að sjá þá vakna á vorin um leið og grasið fer að grænka. Þeir vaxa með grasinu og sofna á haustin.



Af öllum þeim verum sem eru í kring um okkur er huldufólkið líkast okkur. Oftast er það klætt eins og við mannvörnar á 19. öld.



Trjáverur eru jafn mismunandi og tegundir trjánna. Það finnst verur sem sýna sál trésins og aðrar sem sofna inni í stofninn að vetri og fljúga á milli trjágreinanna, þegar fer að vora.



6
Í Lystigarði Akureyrar eru fjölmargar tegundir af trjá- og blómálfum. Sumir líkjast börnum og aðrir fiðrildum. Trjáverurnar eru skondnar, ein vera í hverju tré, sem sofnar inn í bolinn þegar vetrar. Í barrtrjáum eru einnig litlir gnómar á greinum og þú skalt hafa það í huga þegar þú velur þér jólatré! Horfðu inn í loftið - taktu augun úr fókus - hvað sérðu?



8
Nyrst í Stekkjargerði búa kubblegir jarðdvergar og álfar. Litíð samband er þeirra á milli.



Gróðurgýða landsins sendir disir sínar á gróðursæl landsvæði og hér er ein af þeim.




Englar eru til bæði stórir og smáir. Þeir sjást yfir sjúkrahúsum, elli- og barnaheimilum. Allsstaðar þar sem bedið er um hjálp birtast þeir.



4
Við Eikarlund, syðst í litlum hól búa álfar í undarlegum húsum sem eru eins og blóm og jörðin öll erum eitt. Í hverjum húsagarði eru trjáverur, blómálfar og grasálfar. Jafnvel íbúar í klettum og litlir jarðdvergar í smáum húsum sem sýnast steinar. Gakktu hægt um landareign þína, þar búa fleiri en þú og þínir.




Ljósálfar sjást fjarri manna byggð. Þeir eru fingerðir, líkjast vetrarálfum, hálfgegn-sæir með stóra stjörnu í enni, útlimalangir og mjóslegnir.



11
Skemmtilegar og liflegar verur eru upp með Kotárgili við Dalsbraut. Þar eru álfar, dvergar og jarðdvergar á efstu sviðum efnisheims og neðstu sviðum geðheims. Huldufólk býr í berginu. Ef þú vilt hafa samneyti við verurnar sestu þú á stein og hlustaðu á tóna náttúrunnar. Sestu, hlustaðu og finndu hljóminn í náttúrunni hljóma við þinn innri tón og þá muntu sjá, heyra og finna.




Vatnadsír sjást yfir ám og vötnum. Oftast sem dansandi verur í líki barna með þunna vængi.



Langintesar sjást uppi í fjöllum, það eru sérstakar verur örmjóar, með langan bók, örmjóa fætur og hálslangar. Auðvelt er að finna fyrir þeim, en erfitt að sjá þær.



Við háskólann eru kátir dvergar í glaðlega litum fótum. Þeir brosa og veifa ef þeim er veitt athygli.




16
Við Ásbýrgi nálægt Boganum. Þar verur sem hér búa sjá ekki hver aðra. Þar hafa þó samband við mannfólkið á staðnum, jarðdvergar við börnin, dvergarnir við gamla fólkið og álfarnir við alla aldursþópa.



Jarðdvergar heita á erlendum málum „gnómar“. Þeir eru örsmáir, þó uppi í 10 cm háir. Húsin þeirra eru skrautleg og geyma þeir vöggurnar og barnastólana því þeir byrja upp á nýtt þegar þeir eru komnir í kór.




Fjörulallar líta út sem selir í eina stund, síðan taka þeir á sig ótal myndir, frá hreifum til fóta, eitt höfuð eða fleiri. Þeir eru gráir og brúnir en ljóslitlir.



19
Fimm tegundir af álfum, huldufólki og dvergum eru á þessum stað í Krossanesborgum. Krossanesborgir eru þéttbyggðar lifi í mörgum víddum og húsin þeirra eru litrik og skrautleg.



17
Gullnir borgarmúrar við Sjónarhól, finlegar og litríkar álfaverur. Ef þú vilt hafa samband, tónaðu þá til þeirra - og þú munt fá svar.




14
Ef þú lítur upp eftir Glerárgili má sjá stórar tvískiptar hurðir á vinstri hönd. Önnur hver hurð, eða til skiptis tvær og tvær, eru rauðar og blágrænar. Hér búa helgar hulduverur, afar kyrrar og hátíðlegar. Hægra megin, norðanvert við gilið, eru háar og mjóar hurðir. Hér búa alvarlegir langintesar. Þessar hurðir og verur eru meðfram allri Gleránni frá árósum til fjalls. Farðu þér hægt og gakktu hér varlega því ekki má styggja verurnar.



15
Lítill hús í klöpp og hól eru norðan við Boganum. Þarna búa dvergar og jarðdvergar í sinni hvorri víddinni. Ef þig langar til að skynja þá, leggstu þá milli húsanna þeirra og láttu þér líða í brjóst. Þá munt þú heyra skvaldur sem hækkar. Ekki er víst að þú heyrir orðaskil, en verurnar eru kostulegar.



18
Í Bárufellsklöppum býr huldufólk, álfar og jarðdvergar. Verurnar í Bárufellsklöppum sækja sjóinn líkt og mannfólkið.



13
Við Háskólann er grænt hús með rauðum gluggum og glervegg. Verurnar eru mjög kátar og virðast alltaf í leik, hoppa og syngja. En þú verður að nálgast þær hljóðlega. Lokaðu augunum eða taktu augun úr fókus og horfðu inn í andrúmsloftið.



12
Klukkan á hæðinni. Þar sjást bláir bogar trausts og trúar. Sameining byggðarinnar er í samhjöllum. Jarðdvergar eru í sama hól og klukkan. Bústaðir þeirra minna á byggingar frá Atlantís.



HULDUSSHEIMAR AKUREYRAR

Huldussheimar eru innri birting náttúrunnar. Náttúran, sem og öll sköpunin hefur tíðnisvið í óteljandi myndum, enda er yfirmiðurinn sá er öllu ræður í heimi hér. Njóttum auðæfanna, finnum að þetta er sannleikurinn, að þú, ég, við öll, landið, náttúran og jörðin öll erum eitt. Í hverjum húsagarði eru trjáverur, blómálfar og grasálfar. Jafnvel íbúar í klettum og litlir jarðdvergar í smáum húsum sem sýnast steinar. Gakktu hægt um landareign þína, þar búa fleiri en þú og þínir.